

Ed.

300. Frumvarp til laga

[119. mál]

um breyting á lögum frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laga frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka, orðist þannig:

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949, svo og gjöld til ríkissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að ákveða, að gjöld til ríkissjóðs samkvæmt IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. nefndra laga, skuli innheimt með 200% viðauka á árinu 1949, en gjöld þessi voru innheimt með verðlagsuppbót á árinu 1948, samkvæmt ákvæði þar um í lögum nr. 50/1948.

Af framangreindum ástæðum telur fjármálaráðherra brýna nauðsyn bera til, að sett verði með bráðabirgðalögum ákvæði, sams konar og að ofan greinir, í lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka. Til samræmis er ákvæðið orðað svo, að gjöldin skuli innheimt með 200% viðauka í stað þess að innheimta þau með verðlagsuppbót.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Síðari málsgrein 1. gr. laga frá 29. des. 1948, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka, orðist þannig:

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949, svo og gjöld til ríkissjóðs samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkvæmt 58. gr. laganna, með 200% viðauka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.